

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 384/2005

2008/EES/35/27

frá 7. mars 2005

um samþykkt áætlunar um sérstakar einingar, sem ná yfir tímabilið 2007 til 2009, fyrir vinnumarkaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalaganna,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 frá 9. mars 1998 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 577/98 er nauðsynlegt að tilgreina þætti áætlunar um sérstakar einingar fyrir tímabilið 2007 til 2009.
- 2) Í ákvörðun ráðsins 2002/177/EB frá 18. febrúar 2002 um viðmiðunarreglur varðandi stefnu aðildarríkjanna í atvinnumálum fyrir árið 2002 ⁽²⁾ kemur fram að aðildarríkin og framkvæmdastjórnin þarfnist sérstakra hagskýrslna til að geta þróað viðeigandi ráðstafanir í tengslum við vinnuslys og vinnutengd heilsufarsvanda-

mál, ástandið sem ríkir á vinnumarkaðnum fyrir farandlaunþega og afkomendur þeirra og komu ungs fólks inn á vinnumarkaðinn. Því ber að skrá þessar upplýsingar í sérstöku einingunum fyrir árin 2007 til 2009.

- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Áætlun um sérstakar einingar fyrir vinnumarkaðskönnunina fyrir tímabilið 2007 til 2009, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum, er hér með samþykkt.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugusta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. mars 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín ALMUNIA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 61, 8.3.2005, bls. 23. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2005 frá 30. september 2005 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 66, 22.12.2005, bls. 22.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 77, 14.3.1998, bls. 3. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2257/2003 Evrópuþingsins og ráðsins (Stjttíð. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 6).

⁽²⁾ Stjttíð. EB L 60, 1.3.2002, bls. 60.

VIÐAUKI

VINNUMARKAÐSKÖNNUN

Áætlun til margra ára um sérstakar einingar

1. VINNUSLYS OG VINNUTENGD HEILSUFARSVANDAMÁL

Skrá yfir breytur: skal skilgreind eigi síðar en í desember 2005.

Viðmiðunartímabil: 2007.

Hlutaðeigandi aðildarríki og svæði: Öll.

Úrtak: skal skilgreint eigi síðar en í desember 2005.

Sending niðurstaðna: eigi síðar en 31. mars 2008.

2. ÁSTANDIÐ Á VINNUMARKAÐNUM HJÁ FARANDLAUNÞEGUM OG NÁNUSTU AFKOMENDUM ÞEIRRA

Frankvæmd 2008-einingarinnar verður skilyrt við niðurstöður hagkvæmniathugana sem skal lokið eigi síðar en í árslok 2005.

Skrá yfir breytur: skal skilgreind eigi síðar en í desember 2006.

Viðmiðunartímabil: 2008.

Hlutaðeigandi aðildarríki og svæði: Öll.

Úrtak: skal skilgreint eigi síðar en í desember 2006.

Sending niðurstaðna: eigi síðar en 31. mars 2009.

3. KOMA UNGS FÓLKS INN Á VINNUMARKAÐINN

Skrá yfir breytur: skal skilgreind eigi síðar en í desember 2007.

Viðmiðunartímabil: 2009.

Hlutaðeigandi aðildarríki og svæði: Öll.

Úrtak: skal skilgreint eigi síðar en í desember 2007.

Sending niðurstaðna: eigi síðar en 31. mars 2010.
